

## **Þúsaldarmarkmið í vatni og frárennsli**

María J.Gunnarsdóttir, Samorku

Vatn er undirstaða lífs og velferðar. Að leysa kreppuna í vatns og fráveitumálum heimsins er eitt af mikilvægustu verkefnum þessarar aldar. En þessi kreppa nær ekki vel til eyra fjölmiðla þó margfalt fleiri deyja af hennar völdum árlega en af völdum ófriðar. Heilnæmt vatn er forsenda þess að lifa heilbrigðu lífi og hefur verið skilgreint sem hluti af mannréttindum á alþjóðavettvangi síðan 2002. Það er samkvæmt því skylda opinberra yfirvalda að sjá til þess að allir hafi **nóg, öruggt og aðgengilegt neysluvatn á viðráðanlegu verði**

### **Staðan nú**

1,1 milljarður manna af um 6 milljörðum jarðarbúa eða 18% hefur ekki öruggt vatn. 2,6 milljarður hefur ekki aðgang að viðundandi frárennslis-aðstöðu eða 41%. Og stærstur hluti þeirra býr í dreifbýli. Verst er ástandið í þróunarríkjunum í Afríku sunnan Sahara og Asíu. En þó hafa 140 milljónir Evrópubúa af 877 milljónum ekki vatn í hús og meira en 41 milljónir hafa ekki aðgang að öruggu neysluvatni sem er 5% og 85 milljónir hafa ekki fullnægjandi frárennsli eða 10%. 1,8 milljónir barna undir fimm ára aldri deyja árlega í heiminum vegna lélegs drykkjarvatns. Það eru nær 5000 börn á dag

Þúsaldaryfirlýsing Sameinuðu þjóðanna frá árinu 2000 er að minnka fátækt, misrétti, hungur og sjúkdómsáþján fyrir árið 2015. Markmiðin eru 8 og 18 áfangar til að ná markmiðunum. Markmið 7 og áfangi 10 er að helminga fyrir 2015 þá sem ekki hafa aðgang að öruggu neysluvatni og frárennsli. Það að bæta úr þessum málum skilar miklu og hafa verið gerðar miklar rannsóknir á því. Að bæta aðgengi að heilnæmu vatni dregur úr iðrakveisum um 20%. Að bæta aðgengi að lágmarks frárennsli um 30%. Aukið hreinlæti sem fylgir því að hafa nóg vatn og fá fræðslu um nauðsyn hreinlætis bætir heilsufar um 40%.

### **Hver er staðan í vatnveitumálum 2015 við óbreytta þróun**

Ef litið er á heiminn í heild þá förum langt í að ná markmiðunum um aðgengi að heilnæmu vatni en þó er sagt að það sé að hægjast á jákvæðri þróun. En með sama hraða er talið að markmiðið náist árið 2016. En einstök svæði eru mismunandi. Á sumum svæðum hefur markmið í vatni náðst nú þegar t.d. Suður Asíu og Suður Ameríku. En annarsstaðar gengur ver. Ef sama þróun verður áfram og verið hefur mun Afríka sunnan Sahara ná þúsaldarmarkmiðinu í neysluvatni 2040 eða 25 árum of seint.

**Staða 2015** – nær 1 milljarður án viðunandi vatns en markmið okkar var að það yrðu **800 milljónir**.

### **Hver er staðan í fráveitumálum 2015 við óbreytta þróun**

Ef litið er á heiminn í heild þá vantar mikið upp á að við náum markmiðum okkar um frárennsli og með sama hraða verður það ekki fyrr en 2022. En einstök svæði eru mismunandi. Nokkur svæði eru talin munu ná þessu marki eins og Austur Asíu og Suður- og Mið Ameríka. Víðast hvar er þó útlitið svart. Ef sama þróun verður áfram og

verið hefur mun Afríka sunnan Sahara ná þúsaldarmarkmiðinu í fráveitumálum árið 2076 eða 61 ári of seint.

**Staða 2015** – nær 2,3 milljarður (og af þeim búa 2,0 milljarðar í dreifbýli) án viðunandi frárennslis en markmið okkar var að það yrðu **1,8 milljarðar** .

En vatnsleysi er ekki bara áþján veikinda það er einnig líkamleg byrði og hún bitnar harðast á konum og stúlkum Það eru líka konurnar sem bera ábyrgð á börnunum og annast þau þegar þau verða veik. Oftar en ekki þarf að sækja vatnið um langa vegu. Þar sem ástandið er verst þurfa 50% íbúanna að sækja vatn í meira en hálftrar klukkustunda gang frá heimili sínu.

### **Skortur á vatni og breyting á veðurfari**

Í mörgum löndum er skortur á vatni. En það á ekki við um okkur hér á landi. Ferskvatnsauðlindin á Íslandi er áætluð að vera 609 þúsund rúmmetrar/íbúa á ári og erum við fjórða vatnsríkasta þjóð í heimi miðað við höfðatölu. Við nýtum aðeins um 1% af grunnvatni sem er í byggð. Til samanburðar má nefna að vatnsauðlind Uganda er um 2,8 þúsund rúmmetrar á íbúa á ári eða um 0,5% af því sem við höfum til ráðstöfunar og í Palestínu sem er með vatns-fátækustu þjóðum í heimi er 0,052 þúsund rúmmetrar á íbúa á ári.

Og hlýnun jarðar mun breyta vatnafari víða um heim og þar með aðgengi að vatni Skortur mun aukast og rennslis mun verða ófyrirsjáanlegra og meira verður um stór frávik - flóð og þurrkar. Veruleg minnkun mun verða í austur og suðurhluta Afríku þar sem hiti hækkar og minna rignir. Þetta þýðir uppskerubrestur og hungur. Jökklar bráðna, sjávarstaða hækkar og veðrakerfi breytast. Nú búa um 700 milljónir manna á svæðum þar sem er nú þegar skortur og verða 3 milljarðar árið 2025 vegna hlýnunar eða um 40% jarðarbúa. Gangi þetta eftir þá dregur það úr líkum að þúsaldarmarkmiðin náist.

### **Lítum okkur nær**

En hvernig var ástandið í okkar heimshluta fyrir 100 árum? Þá glímdu íbúarnir við þau vandamál sem þróunarríkin eru að glíma við í dag. Kólera, taugaveiki og niðurgangur voru algeng orsök dauðsfalla og barnadauði var tíður. Það ástand batnaði ekki að ráði fyrr en lagðar voru vatnsveitur og fráveitukerfi. Taugaveiki var landlæg í sumum bæjum á Íslandi. Vatn var tekið úr brunnum og mengun vatns víða vandamál. Kamrar og peningahús voru innan um brunna. Fyrsta vatnsveita sveitarfélags á Íslandi var lögð á Ísafirði árið 1900. Árið 1903 var vatnsveita tekin í notkun á Seyðisfirði, 1904 í Hafnarfirði og 1909 í Reykjavík.

Og það voru endurteknir faraldrar af völdum taugaveiki sem oftar en ekki voru kveikjan að því að bæjarfélög lögðu í það stórvirki að byggja vatnsveitu og síðan seinna fráveitu. Síðasti faraldur af völdum taugaveiki var líklega í Flatey á Skjálfanda árið 1936 eða fyrir 70 árum. Og barnadauði var tíður á Íslandi. Um þar síðustu aldamót dó nær 10 hvert barn undir fimm ára aldri. En þegar flestar vatnsveitur og fráveitur höfðu verið lagðar var sú talan komin niður í 6 börn á hver 1000. Í Sierra Leone deyr meira en fjórða hvert barn.

## Kostnaður við að gera ekkert

Árlegur kostnaður af því að leysa ekki vatns og frárennismál heimsins hefur verið reiknaður af Alþjóða heilbrigðismálastofnuninni og hann sýnir að það kostar okkur mikið. Heilbrigðiskostnaður er 7 milljarðar USD til heilsugæslustöðva og 750 milljarðar USD kostnaður einstaklinga í töpuðum vinnustundir ofl. Og áætlað hefur verið að virði þess tíma sem tapast vegna langrar fjarlægðar frá notkunarstað sé um 63 milljarðar USD.

## Lokaorð

En stærsta vandamálið er ekki skortur á vatni. Þó sumstaðar sé vatnsauðlindin takmörkuð. Vatn notað til einkaneyslu er aðeins um 5% af vatnsnotkun í heiminum en mesta notkun er í landbúnaði til vökvunar eða yfir 70%. Vandamálið er frekar fátækt og mismunur í aðgangi að auðlindum. Það að hafa ekki aðgang að hreinu drykkjarvatni og fullnægjandi frárennsli lendir fyrst og fremst á þeim sem eru fátækir.

Víða borga íbúar sem þurfa að kaupa vatnið á brúsum 5-10 sinnum og jafnvel upp í 20 sinnum meira fyrir vatnið en þeir sem fá vatnið til sín í pípum inn í hús og búa í sömu borgum.

Til uppfylla markmiðið um öruggt vatn og frárennsli sýnir reynslan að það fernt sem þarf að vera til staðar til að vel gangi:

- ✍ Pólítískur vilji hjá þeim sem hafa völdin
- ✍ Raunhæf markmið studd af fjárhagslegum skuldbindingum og áætlun um að eyða misréttinu
- ✍ Góðan lagaramma og sjálfstæðan eftirlitsaðila og það á við alla afhendingu vatns ekki bara hefðbundnar vatnsveitur.
- ✍ Og svonefnd líflína til hinna fátæku t.d. með það markmið að tryggja að heimili borgi ekki meira en 3% af tekjum til vatns.

Þetta þýðir þó ekki ógagnrýna úthlutun styrkja eða niðurgreiðslna sem oftar enda hjá þeim sem eru betur stæðir en hjálpar lítið þeim fátæku. T.d. hafa oftar en ekki þeir betur settu notið góðs af lágu vatnsverði frá niðurgreiddum vatnsveitum. Verðið er oft mikið lægra en þarf til að reka og viðhald veitunni og þá er ekki fjármagn til eðlilegt viðhalds og frekari framkvæmda. Ef hinsvegar vel er að því staðið getur tekist vel til að ná til þeirra fátæku og eru dæmi um það t.d. í Chíle, Kólumbíu og Suður Afríku. Í Suður Afríku fá fátækustu heimilin 20 lítra á dag á mann frítt. Og Chíle og Kólumbíu þar sem eru niðurgreiðslur til hinn fátækustu á tengigjöldum.

Það er hægt að leysa þessa kreppu. Það er hægt að ná saman með alþjóðlegu átaki. Í baráttunni við alnæmi hefur tekist að nokkru leyti að sameina kraftana og árangur hefur náðst, þrátt fyrir mikla fordóma og hindranir í upphafi. Sama á að vera hægt í Þúsaldarmarkmiðunum í vatni og frárennsli. Og spurningin er hvað getum við Íslendingar lagt þar af mörkum og hvað kemur þar að mestum notum.

**Heimildir:**

World Health Organization and UNICEF (2006). *Meeting the MDG drinking water and sanitation target – The urban and rural challenge of the decade*. ISBN 92 4 156325 7 and ISBN 978 92 4 156325 3. (Website 5.9.2006: [http://www.who.int/water\\_sanitation\\_health/monitoring/jmp2006/en/index.html](http://www.who.int/water_sanitation_health/monitoring/jmp2006/en/index.html)).

UN Development Programme (2006). *Human Development Report 2006 Beyond scarcity: Power, poverty and the global water crisis*. ISBN 0-230-50058-7.

Stockholm International Water Institute, SIWI, and UN Millennium Project, New York (2005). *Health, Dignity, and Development: What will it take?*. ISBN 91-974183-8-2.